

## Fyrirspurn um styttnir í bæjarlandinu

Gerðarsafn vann úttekt á útilistaverkum í eigu Kópavogsbæjar árið 2021 og vann skýrslu með ástandi verkanna undir handleiðslu forvarðar. Skýrslan var unnin út frá skráningu umhverfissviðs Kópavogsbæjar auk leitar starfsfólks að verkum sem voru ekki á þeirri skrá. Mögulegt er að einhver útilistaverk séu í bæjarlandinu sem ekki eru í skýrslunni, þá sérstaklega sem sett hafa verið upp án aðkomu bæjarins.

Svör við fyrirspurn eru unnin með skýrsluna til hliðsjónar og er hún fylgiskjal.

### 1. Hversu margar styttnir eru í bæjarlandinu, aðgengilegar almenningi?

Úttekt á útilistaverkum í Kópavogi telur 14 útilistaverk í bæjarlandinu. Úttektin var unnin áður en skúlptúrgarður Gerðarsafns var reistur og er því fjöldinn 16 verk. Tvö þessara verka eru innandyra sem stendur vegna fyrirhugaðra viðgerða.

#### 1a. Hversu margar eru af körlum?

Ekkert útilistaverk í Kópavogi eru minnisvarðar um fólk.

Aðeins tvö útilistaverk eru með fólki á:

Verkið „Allir í leik“ eftir Sigurjón Ólafsson á Rútstúni sýnir börn að leik (síða 2-4 í skýrslu).

Verkið „Sagan um Karlsson“ eftir Magnús Pálsson á Snælandsskóla sýnir senur úr þjóðsögu þar sem eru sögupersónurnar karl og kerling, konungur og drottning auk dýra og furðuvera (síða 11-13 í skýrslu).

#### 1b. Hversu margar eru af konum?

Sjá svar að ofan.

### 2. Ef kynjahalli er til staðar, á Gerðarsafn styttnir sem mætti koma fyrir í bæjarlandinu til þess að jafna hann? Hvaða styttnir eru það?

Kynjahalli er ekki til staðar í útilistaverkum bæjarins. Gerðarsafn á engin verk sem eru mannamyndir sem eru ætluð til að vera utandyra, fyrir utan grágrýtiskonu sem stendur í anddyri safnsins. Safnið stefnir þó að því að setja upp fleiri útilistaverk í skúlptúrgarðinn, þá líkast til abstraktverk eftir Gerði Helgadóttur.